

Föstudaginn 26. febrúar 1960.

Nr. 99/1958. **Guðni Ólafsson** (Gunnar Þorsteinsson hrl.)
 gegn
póstmeistararum í Reykjavík vegna póstsjóðs
 (Sveinbjörn Jónsson hrl.)
og gagnsök.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson
 og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og
 Magnús Toríason.

Skaðabótakrafa. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. júlí 1958 og krafizt þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 5801.85 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1955 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. október 1958, gagnáfrýjað málinu með stefnu 30. s. m. og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna og aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Eigi er í ljós leidd heimild póstmeistarans í Reykjavík til að taka á móti stefnu og gefa bindandi yfirlýsingu fyrir dómi f. h. póstsjóðs í máli þessu. Að svo vöxnu máli verður að fella hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð úr gildi og vísa málinu frá héraðsdómi. Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 2000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð eiga að vera ómerk, og visast málinu frá héraðsdómi.

Aðaláfrýjandi, Guðni Ólafsson, greiði gagnáfrýjanda,

póstmeistararum í Reykjavík f. h. póstsjóðs, kr. 2000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. apríl 1958.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 21. f. m., hefur Guðni Ólafsson lyfsali, hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 10. nóvember 1956, gegn Magnúsi Jochumssyni póstmeistara, hér í bæ, vegna póstsjóðs til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 5866.35, auk 6% ársvaxta frá 1. apríl 1955 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi fjárhæð kröfu sinnar í kr. 5801.85, en hélt henni fram óbreyttri að öðru leyti.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar eftir mati dómars.

Málsatvik eru þessi:

Á tímabilinu febrúar—apríl 1957 falsaði sendill stefnanda, Karl Magnússon, þá 11 ára gamall, nafn viðtakanda á tvær póstávísanir, aðra að fjárhæð kr. 3284.87, en hina að fjárhæð kr. 145.06, er sendar höfðu verið lyfjabúð stefnanda, Ingólfs Apóteki, utan af landi til afgreiðslu á pósthúsinu í Reykjavík.

Á sama tíma falsaði drengur þessi einnig nafn viðtakanda á sjö póströfur, er greiddar höfðu verið á ýmsum stöðum úti á landi og afgreiddar til pósthússins í Reykjavík. Voru póströfur þessar samtals að fjárhæð kr. 2581.48. Fölsun þessi var í því fölginn, að nafn gjaldkera Ingólfs Apóteks, Katrínar Jónsdóttur, var skráð sem kvittun viðtakanda jafnframt því sem stimpill Ingólfs Apóteks eða nafnstimpill stefnanda voru notaðir. Á tvær póströfur og aðra póstávísunina var þó falsað nafnið Sæunn Magnúsdóttir, en enginn með því nafni vinnur eða hefur unnið við atvinnurekstur stefnanda. Framvísaði drengurinn póströfum þessum og póstávísunum á pósthúsinu með hinum fölsuðu kvittunum og fékk þær greiddar. Fjárhæð þá, sem krafizt er greiðslu á í málinu, sló drengurinn eign sinni á, og hefur stefnandi ekki fengið hana greidda. Telur hann, að stefnda beri að standa sér skil á henni, þar sem í öllum tilvikum hafi verið um svo áberandi og illa gerða fölsun að ræða, að nær sé óhugsandi, að þeir starfsmenn pósthússins, sem hér áttu hlut að, hafi ekki séð eða mátt sjá, að um fölsun var að ræða. Verði að líta

svo á, að hlutaðeigandi starfsmenn hafi sýnt af sér stórkostlegt hirðuleysi með því að greiða drengnum nefndar fjárhæðir við svo búið.

Sýknukröfuna reisir stefndi á því, að nafnritanir þær, sem um ræðir, beri það ekki með sér, að um fölsun hafi verið að ræða. Fjöldi fólks skrifi nöfn sín illa og ólæsilega og um mjög ábyggilega menn geti verið að ræða, þótt þeir skrifi nöfn sín ekki vel. Sé og sérstaklega á það að líta í þessu sambandi, að allar kvittanirnar hafi verið stimplaðar. Þá er því neitað, að starfsmönnum stefnda, er hér áttu hlut að, hafi borið skylda til að gagnrýna kvittanirnar nákvæmar en þeir gerðu eða leita til lögreglunnar af því tilefni. Starfsmenn þessir hafi vafalaust þekkt sendil stefnanda og treyst því, að stefnandi hefði eigi annað fólk í þjónustu sinni en það, sem hann bar traust til. Það sé sérstaklega athyglisvert, að dreng þeim, sem hér á hlut að máli, hafi verið fengnar póstávísanirnar og póströfurnar í hendur og veittur aðgangur að stimplum stefnanda og fyrirtækis hans. Sýni það hvort tveggja, hvert traust stefnandi hafi borið til drengsins. Starfsmenn stefnda hafi daglega séð dreng þenna taka við peningagreiðslum fyrir stefnanda í pósthúsinu. Þeir hafi því enga ástæðu haft til að tortryggja drenginn sérstaklega í umrædd skipti. Starfi póstmanna nú á tímum sé þannig háttáð, að ómögulegt sé að ætlast til, að þeir taki hvert einasta skjal, sem um hendur þeirra fer, og gagnrýni það á þann hátt, er stefnandi ætlist til eftir málssókn þessari að dæma. Að öllu athuguðu sé ljóst, að um enga sök hafi verið að ræða hjá starfsmönnum pósthússins. Sé því fébótaábyrgð stefnda gagnvart stefnanda alls ekki til að dreifa.

Við munnlegan flutning málsins kom það fram, að Karl Magnússon hafði aðgang að lykli að pósthólfi stefnanda í pósthúsinu og að það var í verkahring hans að vitja þar pósts dag hvern. Komst drengurinn á þann hátt yfir póströfur þær og póstávísanir, sem um ræðir. Þá kom það og fram við málflutninginn, að drengurinn hafði aðgang að stimplum stefnanda og fyrirtækis hans. Var þess jafnframt getið, að margir stimplar séu notaðir við daglegan rekstur lyfjabúðarinnar, m. a. við afgreiðslu lyfseðla, og því ógerlegt að hafa stimplana lokaða niðri.

Við athugun á hinum fölsuðu kvittunum kemur í ljós, að rithöndin á þeim er áberandi viðvaningsleg. Einkum vekur það athygli, að í nafninu *Katrín Jónsdóttir* er upphafsstafur föðurnafnsins lítill bókstafur. Svo er og um upphafsstafinn í nafninu

Sæunn. Er og það nafn ritað með einu *n.* Þá kemur og í ljós, að við eina kvittunina vantar dagsetningu og ártal, og ein kvittunin er einungis öfugur nafnstimpill stefnanda. Í málinu liggur fyrir ein póstkrafa með ófölsuðu nafni Katrínar Jónsdóttur á. Er sú nafnritun gjörólik hinum fölsuðu. Að öllu athuguðu þykir verða að fallast á það með stefnanda, að hinar fölsuðu kvittanir hafi verið svo tortryggilegar, að óforsvaranlegt hafi verið af gjaldkerum pósthússins að inna umræddar greiðslur af hendi án þess að kynna sér áður, hvort allt væri með felldu um kvittanirnar. Ber að leggja á stefnda fébótaábyrgð á tjóni stefnanda, að því leyti sem það verður til þessa gáleysis starfsmanna stefnda rakið, sbr. 5. mgr. 20. gr. póstlaga nr. 31/1940.

Jafnframt því, sem nú hefur verið rakið, er á það að líta, að drengurinn Karl Magnússon hafði um alllangt skeið haft það starf á hendi að leysa út póströfur og ávísanir á pósthúsinu fyrir stefnanda og fyrirtæki hans og má ætla, að hann hafi af þeim sökum verið kunnur orðinn gjaldkerum þeirrar deildar á pósthúsinu, sem hér á hlut að, enda virðist stefnandi hafa átt mikil skipti við deild þessa. Við þetta bætist, að allar voru kvittanirnar stimplaðar á sama hátt og tíðkaðist um ófalsaðar kvittanir, en hvort tveggja þetta var fallið til að slæva athygli gjaldkeranna, sem greiðslur inntu af hendi til drengsins.

Eins og háttað er atvikum, verður fébótaábyrgð á tjóni stefnanda, því sem hér ræðir um, ekki óskorað lögð á stefnda. Þykir eftir atvikum rétt, að hann bæti stefnanda $\frac{2}{3}$ hluta þess, eða kr. 3867.90.

Verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda fjárhæð þessa ásamt vöxtum eins og krafizt er.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 750.00 í málskostnað.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Stefndi, Magnús Jochumsson vegna póstsjóðs, greiði stefnanda, Guðna Ólafssyni, kr. 3867.90 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1955 til greiðsludags og kr. 750.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.